

Material-Bezeichnung / Material description




4 019526 698421

1 Matte/sheet = Größe/size in mm / Prod.: „Information“ / „Information“

FROST-BESTÄNDIG	WAND	BODEN ABRIB	INNENBEREICH	AUSSENBEREICH	SPRITZWASSER-BEREICH	NASSBEREICH	DAUERNASS-BEREICH
FROST-RESISTANCE	WALL	FLOOR ABRASION	INDOOR	OUTDOOR	SPLAS WATER AREAS	WET AREAS	PERMANENTLY WET AREAS
x	✓	x	✓	x	✓	x	x

Falls vorhanden, beachten Sie bitte den Hinweistext / Please note the info box

✓ = **geeignet** / suitable / x = **nicht geeignet** / not suitable  
**EAN Code**  
**Produktionsdatum** / production date / **Charge** / charge number  
**Verwenden Sie immer die gleiche Produktionsdatumsnummer /**  
 Please use always the same batch number  
**Bitte beachten Sie den Hinweistext /** please note the info box



**Dauernassbereich:** Alle Bereiche, die permanenten Wassermengen ausgesetzt sind und auf denen das Wasser „steht“. Beispielsweise Pools, uneben geflieste Duschböden

**Permanent wet area:** All areas, which are heavily exposed and also submerged in water. For example Pools, shower floors (unevenly tiled)

**Nassbereich:** Alle Bereiche in denen Wasser, temporär auch in etwas größeren Mengen an das Material gelangen könnte. Beispielsweise Duschwände etc.

**Wet area:** All areas which are temporary exposed by a higher amount of water. For example shower walls etc.

**Spritzwasserbereich:** Alle Bereiche in denen Wasser, temporär und in kleinstmengen an die Wand gesprenkelt werden könnte. Beispielsweise hinter dem Küchenspiegel oder Waschbecken.

**Splash water area:** All areas, which are temporary exposed by very small amounts of water. For example the backsplash in the kitchen or behind the sink.

## 1. Almennar athugasemdir og upplýsingar

Athugið við kaup hvort mósáikflísarnar henti ætlaðri notkun með því að skoða notkunarmerkingar. Við getum ekki tekið ábyrgð á kvörtunum vegna rangrar lagnar. Athugið að mósáikflísarnar koma úr einni framleiðslulotu / lit.

Notið vörur, sem henta fyrir ætlaða notkun, og leggið undirlag fyrir mósáikflísarnar fyrir lögn, fúgun, vörn og þrif. Óskið eftir upplýsingum um það frá viðkomandi framleiðanda eða ráðfærið ykkur við fagmenn.

Áður en byrjað er á flísalögninni skal fara vandlega yfir gæðin og athuga lita- og stærðarfrávik á flísunum svo og bletti og skemmdir. Örlítill frávik eru möguleg en það fer eftir efni og framleiðslu. Líma má steina, sem hafa dottið af mósáikflísunum, með ofurlími.

Athugið að mósáikflísar úr náttúrusteini eru náttúruvara með náttúrulegum lit og litlum dældum og vatnsrásum. Það er möguleiki á að flísarnar brotni ef um er að ræða hreinsaðar mósáikflísar úr náttúrusteini.

Lesið allar athugasemdir um notkunarefni fyrir hvern verkþátt. Framkvæmið ávallt prufulögn - þar á meðal fúgun - með mósáikörk til að athuga vörupolið. Haldið lögninni aðeins áfram eftir að samþykki hefur verið veitt. Ef hafna þarf vörunni þarf að gera það fyrir lagningu á henni. Vörur, sem hafa verið lagðar, eru undanþegnar kvörtunum en við getum ekki tekið ábyrgð á eftirfylgni vegna þess / kostnaði við lagningu.

Ráðlagt er að geyma mósáikflísarnar og byggingaríðefnin á þurrum stað fyrir notkun í því rými, sem fyrirhuguð notkun á að fara fram, um það bil 24 klukkustundum fyrir notkun. Þannig er hægt

að stilla kjörhita fyrir notkun í 20°C.

## 2. Yfirborð og skurður

Yfirborðið ætti að vera stöðugt, slétt, jafnt, sjálfbært, þurrt og ryklaust. Jafnið ávallt ójöfnur - undirbúið hvítt yfirborð með hvítu sveigjanlegu lími - og slípið síðan með smergli eftir um það bil 12 klukkustundir (ryksugið rykið sem myndast). Ýfið slétt og mjög þétt yfirborð. Berið grunn á yfirborð steinsteypu / steinefnagrunns (gangstéttar, gifs, gifsborðs) en slíkt er ekki nauðsynlegt á stoðefni.

Notið viðeigandi verkfæri við skurðinn í samræmi við efni mósaíkflísanna. Ráð: Dragið úr skurði með góðum undirbúningi (sjá einnig 3. lögn) þar sem hætta er á efnisskemmdum / brotnun. Notið aðeins „merkippenna, sem þrifa má af“ þegar skurðlínur eru merktar.

### Mósaíkflísar úr áli/ryðfríu stáli og kopar

Skerið mósaíkflísarnar með blautskera eða járnsgög. Slípið skurðbrúnir með sandpappír eða málmíhlutum. Festið ekki eða límið límvörur / -efni á yfirborðið sem taka á af síðar.

### Mósaíkflísar úr gleri

Notið mósaíktöng fyrir viðkomandi stein og slípirokk með demantsdiski eða blautskera með demantssagblaði fyrir alla örkina. Teiknið skurðlínuna með blýanti á pappír (eða beint á mósaíkflísina ef um er að ræða arkir með net á bakhliðinni). Skerið mósaíkflísina stig af stigi í marga hluta með demantsskeranum. Slípið skurðbrúnir með sandpappír.

### Mósaíkflísar úr gerviefni / náttúrusteini og blöndu af náttúrusteini

Skerið mósaíkflísarnar með blautskera eða slípirokk með demantsdiski / skurðdiski fyrir stein.

## 3. Lögn

Veljið hentugan upphafsreit og takið mið af máli stein- og mósaíkarkarinnar við það svo og útliti. Byrjið ávallt með heila mósaíkkörk og bætið við hlutum í lokin. Gætið að þykkt mósaíkflísanna og lögun arkarinnar ef mósaíkflísarnar eru lagðar samhliða öðru efni. Það getur verið gott að leggja fyrst mósaíkflísarnar á gólfið og halda síðan áfram að veggnum. Við það skal gæta að bilinu á milli arkanna. Fylgja ætti samskeytabreidd steinsins á milli mósaíkkarka. Það gagnast að teikna línur á lagningarsvæðið til þess að einfalda rétta staðsetningu mósaíkkarkanna.

Blandan á lagningarefninu / líminu ætti ekki að vera of fljótandi fyrir lögnina til að koma í veg fyrir að mósaíkkarkirnar renni til. Berðu efnið / límið aðeins á lítinn hluta með viðeigandi tenntri múrskeið (hornréttar tennur 2,5 mm að stærð og 3,5 mm að dýpt eða ferningslaga tennur 4x4mm eða 6x6mm (utandyra- eða á síblautum svæðum (framhlið, verönd, sundlaug))). Jafnið síðan út til að koma í veg fyrir bil í lögninni svo að límið og netið sjáist ekki.

Takið mósaíkkörkina úr umbúðunum / kassanum. Leggið ávallt mósaíkflísar úr mörgum kössum. Setjið mósaíkkörkina á svæðið, sem hefur verið undirbúið, rúllið og ýtið örkinni rólega ofan í lagningarblönduna / límið. Ýtið á mósaíkkörkina með gúmmíglattara og jafnið út litlu steinana.

Haldið svæðinu hreinu út alla flísalögnina og fjarlægið öll auka lagningarefni / lím úr samskeytunum.

Notið aðeins hvítt lagningarefni / lím (til að koma í veg fyrir að liturinn skíni í gegn) sem hentar fyrir viðkomandi mósaíkflísar / ætlaða notkun / bakgrunn.

### **Mósaíklísar úr gleri / áli /ryðfríu stáli og kopar**

Leggið mósaíklísarnar með hvítu lagningarefni / lími (fjölliðubreyttu og hraðþornandi C2FT eða C2FTE í samræmi við EN-flokkun) fyrir órakadræg efni. Fylgið lagningaráttinni til að fá samræmt útlit.

### **Mósaíklísar úr gerviefni / keramik / náttúrusteini og blöndu af náttúrusteini**

Leggið mósaíklísarnar með hvítu lagningarefni / lími fyrir náttúrustein (fjölliðubreyttu og hraðþornandi C2FT eða C2FTE í samræmi við EN-flokkun) fyrir órakadræg efni.

### **Síblaut svæði**

Leggið mósaíklísar á síblautu svæði aðeins með efnaþolnu hvarfplastlími (2-þátta hvarfplastlím, R2T samkvæmt EN-flokkun). Hafið einnig samband við framleiðandann til að fá frekari upplýsingar eða um önnur efni. Leggja skal glermósaíklísar í lauginni sem pappírsmósaíklísar á framhliðina.

Leyfið lagningarefninu / líminu að þorna í um það bil 24 klukkustundir áður en fúgun fer fram.

## **4. Fúgun**

Fúgið mósaíklísarnar á litlu svæði með viðeigandi þéttiefni. Samskeyti og undirlag ætti að vera þurr og taka límingunni. Skrapið límleifar niður í samræmda dýpt í samskeytunum fyrir lög. Samskeytin ættu ekki að vera blaut þegar fúgunin fer fram.

Settu fúguefnið með gúmmíglattara / eða fúgubretti í samskeytin. Fjarlægið aukaefni með svampbretti eða handsvampi. Þrífið yfirborð mósaíklísanna með þurrum klút. Þéttiefnið ætti að fá að þorna í einn dag þangað til allt svæðið er þrífið með fullnægjandi þrifum (sjá einnig 6. þrif).

Sumar mósaíklísar eru með dældir vegna hönnunar þeirra eða þeirra efna sem þær eru úr. Við fúgun geta leifar af fúguefni orðið þar eftir og myndað „tauma“. Aðeins er hægt að draga úr slíku með vandlegum þrifum strax eftir fúgunina og með því að nota leirlík fúguefni. Mikill litamunur eykur líka á slík áhrif.

### **Mósaíklísar úr áli/ryðfríu stáli og kopar**

Fúgið mósaíklísarnar eftir að lagningarefnið / límið hefur verið þurrkað með fjölliðubreyttu þéttiefni fyrir órakadræg efni. Þéttiefni, sem inniheldur kvarssand getur leitt til rispa á yfirborði ef það er notað með röngu verkfæri. Þéttiefni með óviðeigandi innihaldsefnum getur haft áhrif á viðkvæmt yfirborðið. Festið ekki eða límið límvörur / -efni á yfirborðið sem þú ætlar að taka af síðar.

### **Mósaíklísar úr gleri**

Fúgið mósaíklísarnar eftir að lagningarefnið / límið hefur verið þurrkað með fjölliðubreyttu þéttiefni fyrir órakadræg efni. Þéttiefni, sem inniheldur kvarssand getur leitt til rispa á yfirborði ef það er notað með röngu verkfæri. Fyllið samskeytin alveg með þéttiefninu til að forðast ljósbrot.

### **Mósaíklísar úr gerviefni / keramik / náttúrusteini og blöndu af náttúrusteini**

Fúgið mósaíklísarnar eftir að lagningarefnið / límið hefur verið þurrkað með fjölliðubreyttu þéttiefni fyrir órakadræg efni sem hentar fyrir náttúrustein.

### **Síblaut svæði**

Fúgið mósaíklísarnar á síblautu svæði aðeins með efnaþolnu hvarfplastþéttiefni.

## 5. Leiðbeiningar um hvernig á að verja flísarnar

### Mósaíklísar úr náttúrusteini og blöndu af náttúrusteini

Gegndreypið mósaíklísar úr náttúrusteini með blettavörn fyrir náttúrustein til að verja þær gegn blettum og verja litinn eftir lagningu og fyrir fúgun.

Ef óskað er eftir lituðu yfirborði að þá skal meðhöndla svæðið með gegndreypi efni fyrir náttúrustein eftir fúgun.

### Keramíkmósaíklísar án glerhúðar

Berið á blettavörn fyrir keramíkmósaíklísar án glerhúðar ef á að verja yfirborðið.

## 6. Þrif

Þrifa má mósaíklísarnar með heitu vatni og tusku en ekki skal nota vax, olíu eða sýrur. Aldrei skal nota sverfandi vökva / harða svampa eða hreinsiefni með sterkum kemískum aukaefnum því þau geta haft áhrif á og rispað yfirborð mósaíklísanna.

### Mósaíklísar úr áli/ryðfríu stáli og kopar

Þrífið mósaíklísarnar með mjúkum svampi og heitu sápuvatni eða alkóhóli. Ekki nota hreinsiefni sem innihalda síru eða basa.

### Mósaíklísar úr gerviefni / gleri

Þrífið mósaíklísarnar með venjulegum, óbasískum glerhreinsi án svarfefna.

### Mósaíklísar úr náttúrusteini og blöndu af náttúrusteini

Þrífið mósaíklísarnar með fitulausum, óbasískum hreinsiefnum fyrir náttúrustein, sem kaupa má í búðum, frá sama framleiðanda og gegndreyppingarefnið. Gegndreyppingin verndar ekki gegn síru. Náttúruflísarnar ætti aldrei að meðhöndla með sýruríkum „hreinsi til að fjarlægja gráa sliktu“ eða basískum, sýruríkum eða tærandi hreinsiefnum. Fylgið leiðbeiningum annarra notkunarefna um þrif fyrir mósaíklísar úr blöndu af náttúrusteini.

### Skýring á skammstöfunum:

- AEM = Aluminium- / Edelstahl- / Kupfermosaik [mósaíklísar úr áli / ryðfríu stáli/ kopar]
- ASM = Artificialmosaik [mósaíklísar úr gerviefni]
- GM = Glasmosaik [mósaíklísar úr gleri]
- KM = Keramikmosaik [keramíkmósaíklísar]
- KMU = Keramikmosaik unglasiert [keramíkmósaíklísar án glerhúðar]
- NM = Natursteinmosaik [mósaíklísar úr náttúrusteini]

**Athugið: Gera má ráð fyrir breytingum, prentvillum og villum (01.10.2024).**